

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 1195/2017,
um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar.

1. gr.

Við reglugerð þessa bætist viðauki I, sbr. 1. mgr. 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 7. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 23. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 4. janúar 2018.

Ásmundur Daðason
 félags- og jafnréttismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

VIÐAUKI I

Flýting töku ellilífeyris.

	Fyrir mánuð sem flýtt er á aldri	Samtals fyrir ár
Samtals		12,60%
65-	0,50%	6,00%
66-	0,55%	6,60%

Við flýtingu til 65 ára aldurs verður árleg greiðsla 87,4% af því sem greitt hefði verið frá 67 ára aldri.

Frestun töku ellilífeyris.

	Fyrir mánuð sem frestað er á aldri	Samtals fyrir ár
67-	0,50%	6,00%
68-	0,55%	6,60%
69-	0,63%	7,50%
70-	0,70%	8,40%
71-	0,80%	9,60%
72-	0,90%	10,80%
73-	1,03%	12,30%
74-	1,15%	13,80%
75-	1,30%	15,60%
76-	1,45%	17,40%
77-	1,65%	19,80%
78-	1,85%	22,20%
79-	2,15%	25,80%
Samtals		175,80%

Við frestun til 80 ára verður árleg greiðsla 275,8% af því sem greitt hefði verið frá 67 ára aldri.